



# Kaupfélag Skagfirðinga

Sjálfbæriskýrsla 2025

# Efnisyfirlit

<b>I.</b>	<b>Grundvöllur skýrslugerðar og ávarp</b>	<b>3</b>
<b>II.</b>	<b>Almennar upplýsingar</b>	<b>5</b>
	Um KS	6
	Skipurit KS	8
	Virðiskeðja KS	9
	Samskipti við hagaðila	13
<b>III.</b>	<b>Tvöföld mikilvægisgreining</b>	<b>14</b>
<b>IV.</b>	<b>Umhverfi</b>	<b>21</b>
	Loftslagsbreytingar	22
	Vatnsnotkun	27
	Auðlindanýting og hringrásarhagkerfi	29
<b>V.</b>	<b>Samfélag</b>	<b>31</b>
	Mannauður	32
	Öryggi neytenda	35
	Nærsamfélagið	36
<b>VI.</b>	<b>Stjórnarhættir</b>	<b>37</b>
<b>VII.</b>	<b>VSME Tilvísunartafla</b>	<b>42</b>
<b>VIII.</b>	<b>Viðaukar</b>	<b>50</b>

# Grundvöllur skýrslugerðar og fyrirvari

Sjálfbærnisráskýrsla Kaupfélags Skagfirðinga (KS) er unnin í samræmi við VSME-staðalinn og telst ítarleg skýrsla (e. comprehensive module). Allar upphæðir í skýrslunni eru birtar í íslenskum krónum en ekki evrum eins og staðallinn kveður á um.

Viðfangsefnin sem fjallað er um í skýrslunni byggja á niðurstöðum tvöfaldrar mikilvægisgreiningar sem unnin var með Deloitte vorið 2024. Þó eru ekki birtar upplýsingar um alla þætti sem voru metnir mikilvægir. Þetta eru varasöm efni, líffræðilegur fjölbreytileiki, dýravelferð og hagsmunagæsla sem ekki er sérstaklega fjallað um í þessari skýrslu. Það má þó nefna að sjálfbærnistefna KS nær til notkunar á varasömum efnum og líffræðilegs fjölbreytileika og fjallað er um dýravelferð í virðisæðjunni undir kaflanum um birgjatengsl.

Skýrslan er í mótun og aðferðafræði, umfang gagna og samræmi milli eininga mun halda áfram að þróast á næstu árum.

Kaupfélag Skagfirðinga er staðsett í Skagafirði og aðalskrifstofan er á Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki. Félagið er samvinnufélag sem starfar samkvæmt lögum um samvinnufélög. KS starfar eftir eftirfarandi atvinnuflokkum ÍSAT:

- *47.11.1 Stórmarkaðir og matvöruverslanir*
- *10.11.0 Slátrun og vinnsla á kjöti, þó ekki alifuglakjöti*
- *10.51.0 Mjólkurbú og ostagerð*

Til samstæðunnar telst móðurfélagið KS auk 19 dótturfélaga. Stærð efnahagsreiknings fyrir árið 2025 var 106.452.738 þús kr. og velta félagsins nam 71.470.475 þús kr.

Skýrslan nær yfir Móðurfélagið KS og einnig eru birtar upplýsingar um:

- Fisk Seafood, Háeyri 1, 550 Sauðárkrókur
- Esja Gæðafæði, Bitruhálsi 2, 110 Reykjavík
- Fóðurblandan, Korngörðum 12, 104 Reykjavík

Önnur dótturfyrirtæki sem skýrslan nær ekki til og eru 100% í eigu KS:

- Kjarnafæði Norðlenska, Svalbarðseyri, 606 Akureyri
- Vörumiðlun ehf, Eyrarvegi 21, 550 Sauðárkróki
- Tengill ehf, Hesteyri 2, 550 Sauðárkrókur
- Trésmiðjan Borg ehf. Borgarmýri 1, 550 Sauðárkrókur
- Nýprent ehf., Hesteyri 2, 550 Sauðárkróki

Önnur dótturfélög KS eru með minna en 51% eignarhlutdeild eða fjöldi ársverka hefur minna en eitt starfsgildi og nær þessi sjálfbærnisráskýrsla ekki til þeirra.

Við gerð þessarar skýrslu var gervigreind nýtt til að vinna og stytta texta, koma með athugasemdir í takt við VSME-staðalinn og í uppsetningu. Skýrslan er birt með fyrirvara um villur.

# Ávarp

Sjálfbær rekstur er sífellt mikilvægari þáttur í starfsemi fyrirtækja og ekki síst í matvælaframleiðslu þar sem tengsl við náttúruauðlindir og samfélag eru sterk. Fyrir Kaupfélag Skagfirðinga er sjálfbærni hluti af þeirri hugsjón sem félagið var byggt á fyrir meira en 130 árum. Þessi skýrsla er mikilvægt skref í þeirri vegferð. Hún veitir yfirsýn yfir stöðu okkar í sjálfbærnimálum og er jafnframt grunnur að áframhaldandi umbótum og auknu gagnsæi.

Frá stofnun KS hefur starfsemi félagsins verið byggð á samvinnu, ábyrgð og langtímahugsun. Þessi gildi endurspeglast í því hvernig við nýtum auðlindir, styðjum við samfélagið og leggjum áherslu á að skapa verðmæti til framtíðar. Undanfarið höfum við lagt aukna áherslu á að kortleggja áhrif starfseminnar okkar með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið og auka jákvæð áhrif. Við vinnum markvisst að því að skilja og stýra áhrifum starfseminnar á umhverfi og samfélag og greina hvaða þættir skipta mestu máli. Sú vinna hefur lagt grunn að bættri forgangsröðun, aukinni gagnasöfnun og markvissari aðgerðum.

Á undanförunum árum höfum við einnig náð árangri á ýmsum sviðum, meðal annars í bættri nýtingu hráefna, aukinni yfirsýn yfir umhverfisáhrif og styrkingu mannauðsmála. Á sama tíma er ljóst að verkefnin fram undan eru mörg. Við vinnum að því að efla gagnasöfnun, uppfæra markmið og halda áfram að draga úr umhverfisáhrifum í allri virðiskeðjunni.

Starfsemi KS spannar vítt svið, frá frumframleiðslu til fullvinnslu og dreifingar. Áhrif okkar eru því margþætt og ábyrgðin sömuleiðis. Við munum halda áfram að byggja á þeim styrkleikum sem hafa einkennt félagið í gegnum tíðina og nýta þá sem grunn að sjálfbærum rekstri til framtíðar.

*Sigurjón R. Rafnsson, aðstoðarkaupfélagsstjóri*

# Almennar upplýsingar



## Um KS

Kaupfélag Skagfirðinga er samvinnufélag sem var stofnað árið 1889 af bændum með það að markmiði að tryggja betri kjör í innkaupum og sölu á afurðum. Frá upphafi hefur samvinna og sameiginlegir hagsmunir félagsmanna og nærsamfélagsins verið höfð að leiðarljósi í starfsemi félagsins.

Í gegnum tíðina hefur starfsemi félagsins þróast í takt við breyttar aðstæður og spannar nú fjölbreytta atvinnustarfsemi þar sem grunnstarfsemin er matvælaframleiðsla og önnur starfsemi styður við virðisdeðju matvælaframleiðslunnar. Samstæðan starfar þvert á virðisdeðjuna, allt frá afurðum frumframleiðenda til fullunninna vara auk stoðþjónustu á borð við verkstæði, flutningastarfsemi og vinnslu hliðarafurða.

Sú nálgun að nýta hráefni sem best, byggja upp innviði og styðja við samfélagið endurspeglar í grunninn þau sjónarmið sem í dag falla undir sjálfbæran rekstur. Þó að hugtakið sjálfbærni hafi þróast og formgerst á síðari árum hefur rekstur KS frá upphafi einkennst af langtímahugsun, ábyrgð gagnvart auðlindum og tengingu við samfélagið.

Hlutverk KS felst í að tryggja framleiðslu og dreifingu matvæla, skapa störf og styðja við uppbyggingu nærsamfélagsins. Félagið leggur jafnframt áherslu á að vera traustur vinnuveitandi og stuðla að öryggi, jafnrétti og velferð starfsfólks.

Á undanförunum árum hefur verið sett aukin áhersla á vinnuvernd og aðbúnað starfsfólks hjá félaginu, þá má m.a. nefna að innleitt hefur verið jafnlaunakerfi sem sýnt hefur mælanlegan árangur í að draga úr launamun.

Á sama tíma hefur KS náð áþreifanlegum árangri í umhverfismálum, meðal annars með aukinni nýtingu á hliðarafurðum og minni sóun. Dæmi um þetta er nýting sláturúrgangs til fóðurframleiðslu og þróun verkefna sem miða að því að fullnýta ostamysu. Þá hefur félagið dregið verulega úr olíunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda með því að skipta út olíukatli fyrir gufuketil í mjólkursamlaginu.



JAFNLAUNAVOTTUN  
2023 - 2026



Framúrskarandi  
fyrirtæki 2025

## Um KS

Tvöföld mikilvægisgreining hefur lagt grunn að skýrari stefnumótun og markmiðasetningu í rekstri KS út frá þeim sjálfbærniþáttum sem mest vægi hafa á starfsemi KS. Jafnframt hefur félagið hafið innleiðingu á skipulögðu verklagi við gagnasöfnun og upplýsingagjöf, með það að markmiði að auka rekjanleika, gagnsæi og áreiðanleika upplýsinga.

Með þessari sjálfbærnisráðgjöf leitast KS við að setja fram heildstæða mynd af starfsemi sinni, áhrifum og þróun. Skýrslan er gerð í samræmi við VSME-staðalinn og er liður í áframhaldandi sjálfbærnivegferð félagsins sem styður við upplýsta ákvarðanatöku og ábyrgan rekstur til lengri tíma.

Sjálfbærnisráðgjöf nær til móðurfélagsins auk þess sem birt eru gögn frá dótturfélögum Fisk Seafood, Esju gæðafæði og Fóðurlöndunni.

Sjálfbærnivegferð KS nær yfir alla samstæðuna og eru félögin mislangt á veg komin en meginmarkmið er það sama, að draga úr umhverfisáhrifum, efla félagslega ábyrgð og tryggja góða stjórnarhætti.

Sjálfbærni verður innleidd í daglegan rekstur hjá samstæðunni með það að leiðarljósi að auðvelt verði að fylgjast með áhættum, tækifærum og lykilmælikvörðum sem snúa að sjálfbærni og efla viðnámsþol samstæðunnar við þeim breytingum sem geta orðið, hvort sem er af völdum umhverfisáhrifa eða samfélagsáhrifa, og mæta þeim kröfum sem eru gerðar á félagið í málaflokknum, hvort sem þær eru frá neytendum eða stjórnvöldum.




# Skipurit KS

Innan móðurfélags Kaupfélags Skagfirðinga er meginstarfsemin vinnsla mjólkur- og kjötafurða. Þá rekur félagið Skagfirðingabúð, verslun á Hofsósi, Ketilás og Byggingavöruverslunina Eyrina. Auk þess starfrækir félagið Véla- og Bílaverkstæðið KS á Sauðárkróki.

Hjá móðurfélaginu eru einnig deildir sem sjá um bókhald, reikningskil og uppgjör, upplýsingatækni og öryggismál, fjármál og innheimtu og mannauðsmál. Þessar deildir starfa þvert á samstæðuna. Sjálfbærnimálin eru á ábyrgð aðstoðarkaupfélagsstjóra og eru einnig unnin þvert á samstæðuna. Helstu dótturfélög KS eru Fisk Seafood, Esja gæðafæði, Kjarnafæði Norðlenska, Fóðurblandan, Vörumiðlun, Tengill, Trésmiðjan Borg og Nýprent.

Auk þeirra er KS með 50% eignarhlut í dótturfyrirtækjunum Steinull ehf. á Sauðárkróki, Íslenskum mysuafurðum, sláturhúsi Kaupfélags Vestur-Húnvetninga (KVH) og Metro.



# Frá haga í maga

Virðiskeðja Kaupfélags Skagfirðinga



ÍLAG

EIGIN STARFSEMI

FRÁLAG

\*Upplýsingar um myndina eru í viðauka 4

## Virðiskeðja KS - Ílag

Ílag virðiskeðju KS-samstæðunnar nær yfir þau aðföng og þjónustu sem eru forsenda starfseminnar. Þar vegur ferskt vatn (1) þungt sem lykilauðlind, auk raforku (2) sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum og tengist þannig áherslum um orkunýtingu og loftslagsmál.

Innflutt aðföng eins og olía, umbúðir og aðrar vörur berast að mestu til landsins með vöruflutningum á sjó (3-4) og eru síðan flutt innanlands með vöruflutningum á vegum (5), þar sem Vörumiðlun gegnir lykilhlutverki. Í þessum hluta virðiskeðjunnar er gert ráð fyrir að sé stór hluti losunar gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar á jarðefnaeldsneyti í flutningum.

Starfsemin er einnig háð líffræðilegum fjölbreytileika bæði í hafi og á landi (6,7,8) og íslenskum sauðfjár- og nautgripabændum (9). Mjólkurbílar (10) tengja mjólkurbændur við vinnslu.

Þessir þættir tengjast sérstaklega mikilvægum áhrifum sem snúa að líffræðilegum fjölbreytileika, vatni, dýravelferð og losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði.



## Virðiskeðja KS - Eigin starfsemi

Meginstarfsemi KS er matvælaframleiðsla, þar má nefna fiskveiðar og vinnslu hjá Fisk Seafood ehf. (11), vinnslu mjólkurafurða í Mjólkursamlagi KS (12), vinnslu kjötafurða í kjötafurðastöð KS, Esju gæðafæði og Kjarnafæði Norðlenska (13-14), þar sem hráefni eru unnin áfram í neysluhæfar vörur. Áhersla er lögð á að fullnýta hráefni frá vinnslum eins og hægt er.

Dreifing og þjónusta eru einnig lykilþættir í starfseminni, þar á meðal eru Skagfirðingabúð og aðalskrifstofa KS (15), Vörumiðlun (16) og verslunin Eyrin (17). Í Kjarnanum (18) eru Bíla- og Vélarverkstæði KS auk þeirra sinna dótturfyrirtækin Tengill ehf. og Trésmiðjunni Borg (19) mikilvægri þjónustu við matvælaframleiðslu auk þess sem þau þjónusta önnur fyrirtæki og almenning.

Fóðurblandan (20) tengir saman mismunandi hluta virðiskeðjunnar með framleiðslu á fóðri fyrir landbúnað og fiskeldi. Aðalgata 16 (21) er gistipjónusta sem er að mestu fyrir starfsfólk.

Í þessum hluta virðiskeðjunnar helstu áhrif tengd orkunotkun, losun, notkun varasamra efna, vatnsnotkun og úrgangi. Þá tengjast hér einnig félagslegir þættir eins og vinnuaðstæður, jöfn tækifæri og fyrirtækjamenning.



## Virðiskeðja KS - Frálag

Niðurstreymi virðiskeðju KS-samstæðunnar nær yfir dreifingu, sölu og notkun afurða eftir framleiðslu. Afurðir KS eru fluttar á erlenda markaði (22) og til innlendra verslana (23), veitingastaða (25) og heimila (24), þar sem þær verða hluti af daglegri neyslu almennings. Það er því mikilvægt að tryggja öryggi neytanda með öflugri gæðastjórnun.

Bændur (26) eru einnig hópur neytanda, þá einna helst eru þeir viðskiptavinir Eyrinnar og Fóðurlöndunar sem endurspeglar hringrás innan virðiskeðjunnar. Að lokinni notkun fer úrgangur annað hvort í endurvinnslu (27) eða til urðunar (28), sem tengist beint áhrifum á úrgang og auðlindanýtingu.



## Samskipti við hagaðila

KS leggur áherslu á virk samtöl við hagaðila. Á hverju ári eru haldnir deildarfundir og aðalfundur fyrir félagsmenn þar sem farið er yfir starfsemi og helstu áskoranir samstæðunnar.

Á árinu 2024 voru jafnframt tekin ítarleg viðtöl við hagaðila um alla virðiskeðjuna sem hluti af vinnu við tvöfalda mikilvægisgreiningu. Viðtölin fóru fram samkvæmt skipulögðu viðtalshandriti með opnum og sértækum spurningum og tóku til sjálfbærni viðfangsefna samkvæmt ESRS-staðlinum.

Með þeim hætti voru greind raunveruleg og möguleg áhrif, áhættur og tækifæri í ílagi, eigin starfsemi og frálagi virðiskeðjunnar. Niðurstöðurnar úr viðtölunum hafa m.a. verið nýttar við gerð sjálfbærnistefnu móðurfélagsins og á vinnustofu með stjórnendum sem kortlögðu áhrif, áhættur og tækifæri fyrir félagið. Einnig voru niðurstöður viðtalanna nýttar við gerð sjálfbærnistefnu móðurfélagsins.




## Tvöföld mikilvægisgreining

Á árinu 2024 var unnin tvöföld mikilvægisgreining fyrir móðurfélagið KS. Greiningin byggði á aðferðafræði sjálfbærniupplýsingastaðals Evrópusambandsins (European Sustainability Reporting Standards, ESRS). Unnið var í samstarfi við lykilstjórnendur þvert á deildir KS og auk þess voru tekin viðtöl við hagaðila úr allri virðiskeðjunni.

Markmiðið var að greina hvaða sjálfbærniþættir skipta mestu máli í starfsemi félagsins og áhrif hennar á umhverfið og samfélagið til skamms, meðal og langs tíma litið. Fyrir hvern þátt voru metin áhrif, áhættur og tækifæri.

Á meðfylgjandi grafi eru niðurstöður greiningarinnar.



## Mat á mikilvægi og mikilvæg viðfangsefni

### ÁHRIFA MIKILVÆGI

Áhrif voru metin með hliðsjón af því hvar í virðiskeðjunni þau eiga sér stað og hvort um væri að ræða raunveruleg eða möguleg áhrif. Við mat á jákvæðum áhrifum var litið til umfangs og útbreiðslu áhrifanna, auk líkinda þess að áhrifin kæmu fram.

Við mat á neikvæðum áhrifum var alvarleiki metinn út frá umfangi, skala, útbreiðslu og óafturkræfanleika. Neikvæð áhrif voru metin með tilliti til líkinda á að þau raungerðust. Við mat á mikilvægi áhrifa voru notuð bæði eigindleg og megingindleg viðmið. Við greiningu á mögulegum neikvæðum áhrifum á mannréttindi var alvarleiki áhrifa lagður til grundvallar fremur en líkindi, í samræmi við leiðbeiningar.

### FJÁRHAGSLEGT MIKILVÆGI


KS greindi fjárhagslega mikilvægar áhættur og tækifæri með mati á því hvernig sjálfbærniþættir geta haft áhrif á afkomu, fjárhagsstöðu, sjóðstreymi, aðgang að fjármögnun og fjármagnskostnað. Líkt og við mat á áhrifum tók greining á fjárhagslegu mikilvægi mið af eigin starfsemi félagsins, uppstreymi og niðurstreymi virðiskeðjunnar.

Áhættur og tækifæri voru metin út frá eðlislægri áhættu, mótvægisaðgerðum og raunlægri áhættu eftir mótvægisaðgerðir, með hliðsjón af umfangi áhrifa, líkindum og mismunandi tímarömmum.

### MIKILVÆG VIÐFANGSEFNI

Eftirfarandi viðfangsefni voru metin mikilvægust í starfsemi félagsins og þar af voru sjö viðfangsefni sem metin voru bæði fjárhagslega mikilvæg og áhrifa-mikilvæg:

- Mildun loftslagsbreytinga
- Orka
- Vatn
- Úrgangur
- Öryggi neytenda og endanotenda
- Fyrirtækjamenning
- Hagsmunagæsla



Eigin starfsemi

Áhrif KS á umhverfi og samfélag



Fjárhagsleg áhætta og tækifæri fyrir KS



Umhverfi og samfélag



## Áherslur og markmið - KS

Á undanförunum árum hefur Kaupfélag Skagfirðinga aukið vægi sjálfbærni í rekstri samstæðunnar með markvissri vinnu við að kortleggja áhrif starfseminnar, efla gagnasöfnun og innleiða verklag og stefnur.

Með framkvæmd tvöfaldrar mikilvægisgreiningar árið 2024 var lagður grunnur að áherslum félagsins á sviði sjálfbærni. Niðurstöður greiningarinnar, þar á meðal samtöl við hagaðila og niðurstöður vinnustofa, voru nýttar við mótun sjálfbærnistefnu og markmiða fyrir móðurfélagið.

Á næstu misserum verður lögð aukin áhersla á að greina mikilvæga sjálfbærniþætti, áhættu og tækifæri hjá dótturfélögum.

Á sviði umhverfismála hefur náðst góður árangur, einkum í mjólkursamlaginu þar sem farið hefur verið í umfangsmikil umbótaverkefni. Þar má nefna að ostamysa sem áður fór í fráveitukerfi er nú unnin áfram í mysuprótein og þannig unnin úr henni nýja afurð.

Þá var olíukatli samlagsins skipt út fyrir rafmagnsketil árið 2022 sem leiddi til verulegs samdráttar í beinni losun gróðurhúsalofttegunda frá móðurfélaginu. Unnið er áfram að því að fullnýta ostamysuna með frekari vinnslu, meðal annars með uppbyggingu etanólframleiðslu.

Jafnframt hefur verið unnið að aukinni nýtingu hliðarafurða í starfseminni. Á árinu 2025 var sett upp gæludýrafóðurstöð þar sem markmiðið er að framleiða fóður úr hliðarstraumum frá kjötafurðastarfsemi félagsins. Verkefnið er hluti af áframhaldandi þróun í átt að aukinni hringrás og bættri auðlindanýtingu.

Markvisst hefur verið unnið að eflingu vinnuverndar og mannauðsmála innan samstæðunnar. Árangur á því sviði má meðal annars rekja til góðs samstarfs mannauðsdeildar KS, stjórnenda dótturfélaga og rekstrarstjórnar, þar sem innleiðing hefur farið fram með festu og jákvæðu viðhorfi.




## Áherslur og markmið - KS

Árið 2026 verður áfram lögð áhersla á að efla jafnrétti, heilsu og öryggi starfsfólks, auk þess að styrkja innri samskipti og fræðslu. Helstu markmið fela í sér að auka launajöfnuð, innleiða heilsufarsskoðanir, bæta upplýsingaflæði með nýjum miðlum og móta skýra fræðslustefnu. Jafnframt verður unnið að áframhaldandi uppbyggingu vinnuverndar, þar á meðal uppfærslu neyðaráætlana og styrkingu öryggismenningar í öllum einingum.

Framundan verður lögð áframhaldandi áhersla á að bæta yfirsýn yfir umhverfisáhrif og auðlindanotkun samstæðunnar með markvissari gagnasöfnun og greiningu. Markmiðið er að greina tækifæri til að draga úr neikvæðum áhrifum, minnka sóun og bæta nýtingu auðlinda.

Framtíðarsýn KS er að samstæðan verði eftirsóttur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á gott starfsumhverfi, öryggi, velferð og jákvæð samskipti, samhliða ábyrgri nýtingu auðlinda og áframhaldandi þróun í sjálfbærni.




## Fisk Seafood



FISK Seafood leggur ríka áherslu á sjálfbærni í starfsemi sinni, þar sem markmiðið er að nýta auðlindir hafsins á ábyrgan hátt og draga úr umhverfisáhrifum. Fyrirtækið vinnur markvisst að því að bæta orkunýtingu, minnka losun og auka flokkun og endurvinnslu, sem eru lykilþættir í umhverfisáherslum þess.

Samfélagsleg ábyrgð er einnig stór hluti af starfsemi FISK Seafood. Fyrirtækið stendur árlega fyrir umhverfisdegi þar sem íbúar eru hvattir til að taka þátt í hreinsun á nærumhverfi sínu. Árið 2025 tóku 927 einstaklingar þátt og söfnuðu alls 21,4 tonnum af rusli, og í kjölfarið voru íþróttafélög styrkt fyrir framlag þátttakenda.

Auk þess styrkir FISK Seafood fjölbreytt samfélagsverkefni, þar á meðal íþróttir, menningu og skólastarf. Með þessum styrkjum styður fyrirtækið við uppbyggingu samfélagsins, hvetur til íþróttaiðkunar og leggur sitt af mörkum til menningar- og menntunarstarfs.




## Esja gæðafæði

Unnið hefur verið markvisst að því að efla sjálfbærni í rekstri með áherslu á mannauðsmál, fræðslu og umhverfismál.

Það sem stendur uppúr þegar litið er í baksýnispegilinn er að stjórnendur hafa farið í stjórnendabjálfun og innleidd hefur verið skipulögð nýliðafræðsla. Skyndihjálparnámskeið var haldið fyrir allt starfsfólk og Avia fræðsluvettvangur tekinn í notkun til að efla þekkingu og bæta aðgengi að bjálfun.

Laufið var tekið í notkun sem eykur yfirsýn yfir sjálfbærniáðgerðir og hefur bætt gagnsæi sem styður við markvissari umbætur í sjálfbærnimálum.

Stöðugt er leitað leiða til að gera betur í úrgangsmálum bæði í eigin starfsemi og í virðiskeðjunni. Vegna eðli starfseminnar sem matvöruframleiðanda er mikið plast notað en lögð er áhersla á að velja umbúðir úr endurvinnanlegu efni og lausnir sem auðvelda flokkun.




## Fóðurblandan

Undanfarið hefur verið lögð aukin áhersla á mannauðsmál, öryggi og umhverfismál. Þar hefur verið innleitt félagslegt áhættumat með Moodup viðhorfskönnunum, ATVIK slysaskráningarkerfi og heilsustyrkir fyrir starfsfólk. Þá hafa öryggis- og eineltisstefnur verið innleiddar og öryggistrúnaðarmenn skipaðir.

Áhættumat starfa var framkvæmt árið 2025 af Eflu, með þátttöku starfsfólks og stjórnenda og unnið er markvisst að eftirfylgni úrbóta.

Undirbúningur hefur staðið yfir fyrir ASC-vottun fyrir fiskafóður og samhliða því hefur verið lögð aukin áhersla á gagnasöfnun og skráningu umhverfisupplýsinga, auk þess sem ferlar fyrir umhverfisstjórnun hafa verið skilgreindir og endurskoðaðir.



# Umhverfi



## Loftslagsbreytingar

Sjálfbærnistefna KS og dótturfyrirtækja nær til loftslagsmála, þar á meðal loftslagsmótvægisaðgerða, aðlögun að loftslagsbreytingum, orkunýtni og samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Stefnan gildir fyrir móðurfélagið og dótturfélög samstæðunnar og er lögð til grundvallar við stefnumótun og ákvarðanatöku.

Félagið hefur sett sér töluleg markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir eigin starfsemi móðurfélagsins, með grunnár 2022 og markár 2030. Í umfangi 1 er stefnt að samdrætti úr 660 tCO<sub>2</sub>-ígildum í 330 tCO<sub>2</sub>-ígildi, sem samsvarar 50% samdrætti, og í umfangi 2 úr 232,4 tCO<sub>2</sub>-ígildum í 162,7 tCO<sub>2</sub>-ígildi, sem samsvarar 30% samdrætti. Markmiðin ná til allra deilda móðurfélagsins en taka ekki enn til dótturfélaga. Stefnt er að því að setja sambærileg markmið þegar áreiðanleg losunargögn liggja fyrir hjá þeim.

KS hefur mótað aðgerðaráætlun fyrir samdrátt í losun sem er innleidd í áföngum samhliða daglegum rekstri og þróuð áfram fram til ársins 2030 í takt við bættu gagnasöfnun, tækniframfarir og rekstrarlegar forsendur.

Áætlunin hefur verið samþykkt af rekstrarstjórn samstæðunnar en hefur á þessu stigi ekki verið formlega tengd við fjárhagsáætlanir félagsins, þótt gert sé ráð fyrir að slík tenging verði þróuð áfram samhliða frekari útfærslu áætlunarinnar.

Ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni loftslagsmála liggur hjá rekstrarstjórn samstæðunnar og framkvæmdastjórum viðkomandi deilda. Verkefnastjóri sjálfbærni ber ábyrgð á samræmingu gagna, vöktun losunar gróðurhúsalofttegunda og greiningu á þróun losunar, en rekstrarstjórn ber ábyrgð á forgangsröðun aðgerða og samþættingu loftslagsmála við daglegan rekstur.

Fylgst er reglulega með gögnum um losun í umfangi 1, 2 og 3, og á fundum um sjálfbærnimál er farið yfir stöðu lykilaðgerða, þróun losunar og hvort þörf sé á aðlögun á forgangsröðun aðgerða.



# Loftslagsbreytingar

## UMFANG 1

Í umfangi 1 hefur KS þegar ráðist í aðgerðir til að draga úr beinni losun frá starfseminni. Olíukatli í mjólkursamlagi hefur verið skipt út fyrir gufuketil, sem hefur dregið verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Unnið er að útskiptingu kælikerfa og kælimiðla sem innihalda HFC-efni þar sem við á.

Endurnýjun bílaflota fer fram jafnt og þétt í takt við eðlilega endurnýjun ökutækja og þegar bílar eru endurnýjaðir verður horft til þess að fjölga hreinorkubílum, án þess að bílar sem eru sparneytnir og í fullu nothæfu ástandi séu teknir úr rekstri sérstaklega í þeim tilgangi að flýta orkuskiptum. Tímasetning einstakra aðgerða er í vinnslu og verður framkvæmdaáætlun þróuð áfram í áföngum.

## UMFANG 2

Þar sem KS nýtir eingöngu endurnýjanlega orkugjafa í rafmagn og húshitun beinast aðgerðir í umfangi 2 að bættri orkunýtni. Fyrirhugaðar aðgerðir eru meðal annars skipti á eldri ljósabúnaði í stærri byggingum fyrir LED-lýsingu, samhliða reglubundnu viðhaldi og endurnýjun húsnæðis, ásamt bættri stýringu á lýsingu og kæli- og frystibúnaði.

Á árinu 2026 er markmiðið að fara í frekari greiningu á orkunotkun, þar á meðal heitu vatni, með það að markmiði að forgangsraða aðgerðum sem geta skilað mestum orkusparnaði.

## UMFANG 3

Félagið hefur ekki sett töluleg markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 3 á þessu stigi. Helstu losunarflokkar í umfangi 3 eru landbúnaður, flutningar, umbúðir, úrgangur, flugferðir og ferðavenjur starfsfólks.

Áður en töluleg markmið verða sett stefnir KS að því að afla áreiðanlegra gagna um flutninga og umbúðir, auk þess að bæta útreikninga á losun frá landbúnaði, þar sem núverandi losunargögn byggja að hluta á eldri rannsóknum. Aðgerðir fyrir umfang 3 verða mótaðar í samstarfi við aðila í virðiskeðjunni, og þegar gögn liggja fyrir verður metið hvernig og hvenær hægt er að setja skýr markmið um samdrátt.

## Losun gróðurhúsalofttegunda - mælikvarðar

Mælikvarðar	KS	FISK	ESJA	FB
Losunarkræfni (e. GHG intensity)	8,9	70,4	7,3	17,1

Losunarkræfni er hlutfall losunar frá umfangi 1 og 2 m.v. fjölda starfsfólks.

Orkunotkun (GJ)	KS	FISK	ESJA	FB
Eldsneyti	4.189	303.527	1.507	86.760
Rafmagn og hiti	143.928	88.127	16.942	16.829
<b>Heildarorkunotkun (GJ)</b>	<b>148.117</b>	<b>391.653</b>	<b>18.450</b>	<b>99.958</b>
<i>Hlutfall endurnýjanlegrar orku</i>	<i>97%</i>	<i>29%</i>	<i>92%</i>	<i>17%</i>


Taflan sýnir heildarorkunotkun KS, FISK, Esju og Fóðurlöndunnar á árinu 2025 og hvernig orkan skiptist á milli endurnýjanlegra (rafmagn og hiti) og óendurnýjanlegra orkugjafa (eldsneyti).

Umfang 1	KS	FISK	ESJA	FB
Eldsneyti	294,5	21.129,8	103,4	607,7
Kælimiðlar	128,4	181,5	243,6	-
<b>Samtals tonn CO<sub>2</sub>-ígildi</b>	<b>422,9</b>	<b>21.311,2</b>	<b>347,0</b>	<b>607,7</b>

Umfang 2	KS	FISK	ESJA	FB
Heitt vatn	135,7	111,2	16,4	5,9
Rafmagn	144,0	46,7	16,3	31,2
<b>Samtals tonn CO<sub>2</sub>-ígildi</b>	<b>279,3</b>	<b>157,9</b>	<b>32,7</b>	<b>37,0</b>

Umfang 3	KS	FISK	ESJA	FB
Úrgangur	1.029,9	100,1	240,9	51,4
Flug	41,6	6,5	2,6	
Eldsneyti og orkuframleiðsla	303,7	5.232,6	51,0	190,9
Ferðavenjur starfsfólks	47,0			
Bílaleigubílar	1,2			
<b>Samtals tonn CO<sub>2</sub>-ígildi</b>	<b>1.423,4</b>	<b>5.339,2</b>	<b>294,5</b>	<b>242,3</b>

# Orkunotkun



Eldsneytisnotkun móðurfélagsins hefur breyst verulega á undanförunum árum. Mestu áhrifin eru vegna þess að skipt var um gufuketil í mjólkursamlaginu.

## Loftslagsáhætta

Árið 2025 var framkvæmt mat á þeim áhættum sem loftslagsbreytingar geta haft á starfsemi móðurfélagsins, KS. Metin voru möguleg fjárhagsleg og rekstrarleg áhrif bæði raunáhættu og umbreytingaráhættu til skamms, miðlungs og langs tíma.

Við matið var stuðst við gögn frá vísindanefnd Veðurstofu Íslands um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi, áhættumat almannavarna í Skagafirði og viðmið úr ESRS staðlinum. Áhættan var metin með hliðsjón af þremur sviðsmyndum IPCC sem endurspegla mismunandi þróun loftslags og viðbrögð stjórnvalda og markaða. Loftslagsáhættur voru metnar með tilliti til skammtíma (til 2030), miðlungs tíma (til 2040) og langs tíma (til 2050), og hvernig áhrif þeirra þróast eftir mismunandi sviðsmyndum.

Helstu raunáhættur tengjast veðurfarsbreytingum, svo sem aukinni tíðni og styrk öfgaveðurs, breytingum á úrkomu og mögulegum vatnsskorti. Slíkir þættir geta haft áhrif á rekstur félagsins, m.a. með rafmagnstruflunum, skemmdum á innviðum og áhrifum á bændur í virðiskeðjunni.


Þá getur aðgengi að vatni haft áhrif á framleiðslu, sérstaklega ef eftirspurn eykst á sama tíma og veðurskilyrði takmarka framboð. Breytingar á líffræðilegum fjölbreytileika geta einnig haft áhrif á framboð og gæði hráefna, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi.

Helstu umbreytingaráhættur felast í breytingum á regluverki, auknum kolefniskostnaði og auknum kröfum frá viðskiptavinum og neytendum. Þær geta leitt til aukins rekstrarkostnaðar, fjárfestingaþarfar og breytinga á eftirspurn eftir vörum félagsins.

Niðurstöður greiningarinnar voru kynntar framkvæmdastjórn og eru samþættar í áhættustjórnunarkerfi Stiku Solutions þar sem þær eru vaktaðar samhliða öðrum sjálfbærniáhættum.

Áhættur sem taldar eru líklegastar og hafa mest áhrif voru rýndar frekar í samstarfi við framkvæmdastjórn, þar sem metnar voru líkur og mögulegt tjón, auk þess sem greindar voru núverandi og mögulegar stýringar.

Með þessari nálgun leitast KS við að auka viðnámsþol gagnvart loftslagsbreytingum og bregðast við bæði áhættu og þeim tækifærum sem skapast.




## Vatnsnotkun

Sjálfbærnistefna KS og dótturfélaga nær til ábyrgrar nýtingar vatns og verndar vatnsgæða. Félagið er vel meðvitað um hversu mikilvægur þáttur vatn er í allri starfsemi samstæðunnar, einkum í matvælavinnslu, og leggur því ríka áherslu á að lágmarka öll neikvæð áhrif starfseminnar á vatn og fráveitukerfi. Þessi sýn er lögð til grundvallar við alla ákvarðanatöku, daglegan rekstur og stöðugt umbótastarf.

Þótt sérstök vatns- eða fráveitustefna hafi ekki enn verið formlega mótuð er frekari kortlagning á vatnsnotkun á döfinni, en þar til hún liggur fyrir er lögð áhersla á að starfsfólk gæti að vatnssparnaði í daglegum störfum og nýti vatn með ábyrgum hætti. Jafnframt fylgist KS náið með helstu vatnstengdum áhættuþáttum, en sú áhætta felst einna helst í mögulegum vatnsskortum þegar mikil eftirspurn fer saman við óhagstæð veðurskilyrði, svo sem langvarandi frost eða litla úrkomu, sem getur skert vatnsframboð til framleiðslunnar.

Til að framfylgja þessum áherslum hefur KS innleitt markvissar aðgerðir sem lúta að ábyrgri vatnsnýtingu og stjórnun frárennslis. Þar á meðal er vöktun á vatnsnotkun og frárennslis í þeirri starfsemi þar sem það á við, auk gæðastýringar og reglubundins eftirlits sem tryggir að frárennslis uppfylli ávallt gildandi viðmið og kröfur eftirlitsaðila.



## Vatnsnotkun


KS hefur einnig ráðist í aðgerðir til að draga úr álagi á fráveitukerfið með aukinni fullnýtingu hliðarafurða. Dæmi um þetta er að ostamysa, sem áður fór í fráveitu, er nú nýtt í próteinframleiðslu. Þessar aðgerðir eru rýndar reglulega af stjórnendum og þróaðar áfram eftir því sem betri gögn liggja fyrir og ný tækifæri til umbóta koma í ljós.

Til að tryggja stöðugar umbætur hefur KS sett sér markmið um ábyrga og skilvirka nýtingu vatns. Móðurfélagið hefur fylgst með vatnsnotkun sinni um árabil og hefur ákveðið að miða grunnár vatnsmarkmiða við árið 2022, í samræmi við grunnár losunarbókhalds félagsins. Öll vatnsnotkun er mæld í rúmmetrum ( $m^3$ ) og hún aðgreind í notkun á köldu neysluvatni og heitu vatni.

### Meginmarkmið KS eru þrjúþætt:

1. Að viðhalda góðri yfirsýn yfir vatnsnotkun úr mismunandi auðlindum.
2. Að greina öll tækifæri til að draga úr óþarfa vatnsnotkun.
3. Að tryggja ábyrga vatnsnotkun fyrir framleiðsluna, jafnvel við óhagstæðar veðurfarsaðstæður.

Á þessu stigi hefur KS ekki sett sér sértæk, töluleg markmið um endurnýtingu vatns en slík markmið munu verða metin í kjölfar frekari greiningar á vatnsnotkun og tæknilegum möguleikum í starfseminni.



## Auðlindanýting og hringrásarhagkerfi

Í sjálfbærnistefnu KS og dótturfyrirtækja er lögð áhersla á ábyrga nýtingu auðlinda og hringrásarhagkerfið. Félagið leitast við að fullnýta hráefni í starfsemi sinni, lágmarka myndun úrgangs og draga úr urðun með aukinni endurvinnslu og endurnýtingu þar sem því verður við komið.

Áhersla er lögð á að greina reglulega úrgangsstrauma frá starfseminni með það að markmiði að bæta úrgangsstýringu og nýta auðlindir með skilvirkari hætti. Jafnframt er stefnt að því að draga úr notkun umbúða og velja endurnýjanlegar eða umhverfisvænni umbúðir þar sem það er mögulegt, án þess að skerða matvælaöryggi eða gæði afurða.

Stefnan nær yfir móðurfélagið og öll dótturfélög samstæðunnar og er lögð til grundvallar við ákvarðanatöku, rekstur og stöðugt umbótastarf á sviði auðlindanýtingar og hringrásarhagkerfis.

Undanfarin ár hefur KS farið í ýmsar aðgerðir til að auka nýtingu hráefnis og draga úr myndun úrgangs. Þar ber hæst að mysa sem áður fór í fráveitu er nú nýtt í próteinframleiðslu. Þá hafa verið settar af stað tilraunir og þróunarverkefni á gæludýrafóðri sem miða að nýtingu hliðarstrauma frá kjötvinnslu. Aðgerðir eru þróaðar áfram í takt við tækniframfarir, markaðstækifæri og betri yfirsýn yfir auðlindanotkun í starfsemi félagsins.

KS hefur sett sér markmið um ábyrga nýtingu auðlinda og aukna hringrás í starfsemi sinni. Móðurfélagið hefur fylgst með myndun úrgangs í starfsemi sinni og miðar grunnár markmiða við árið 2023. Úrgangur er mældur í tonnnum og greindur eftir mismunandi úrgangsflokkum. Upplýsingar um helstu úrgangsflokka og magn þeirra verða birtar í töflu samhliða tölulegum upplýsingum í skýrslunni.


Líkt og með aðra sjálfbærniþætti er á döfinni að kortleggja og greina betur myndun úrgangs frá samstæðunni og móta töluleg markmið um samdrátt. Á þessu stigi er markmið KS að auka yfirsýn yfir myndun úrgangs í starfsemi félagsins, að greina tækifæri til að draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu, og að lágmarka urðun úrgangs þar sem við á.



# Úrgangur - meðhöndlun og flokkun 2025

Grafið sýnir samanlagðan úrgang frá KS, FISK, Esju og Fóðurlöndunni og hvernig hann skiptist í flokkaðan og óflokkaðan úrgang og í hvaða farveg úrgangurinn fer.

Í viðauka 3 er tafla sem sýnir úrgangsflokka sundurliðaða niður á félögin fjögur.



# Samfélag



## Mannauður

KS og dótturfélög starfa samkvæmt samþykktum starfsmannastefnum sem hafa það að markmiði að tryggja öruggt, heilbrigt og styðjandi starfsumhverfi fyrir allt starfsfólk. Stefnurnar byggja á íslenskum lögum og reglugerðum um vinnuvernd, jafnrétti og mannréttindi.

KS leggur áherslu á að skapa vinnuáðstæður þar sem virðing, jafnræði og öryggi eru í fyrirrúmi og starfsfólk nýtur jafnræðis, virðingar og tækifæra til að þróast í starfi. Þá er lögð áhersla á vellíðan starfsfólks, heilsusamlegt og öruggt vinnumhverfi þar sem áhætta er lágmörkuð með forvörnum og reglulegu eftirliti.

KS notar skráningakerfið ATVIK til að halda utan um slys og önnur atvik sem starfsfólk getur tilkynnt um. Mannauðsdeild KS hefur yfirumsjón með kerfinu, skráningum og eftirfylgni. Með innleiðingu á ATVIK og miðlægu utanumhaldi fær félagið yfirsýn yfir heildarumfang slysa og atvika og eru stjórnendur því betur í stakk búnir til að skipuleggja aðgerðir og forvarnarstarf.

Félagið hefur sett jafnréttisáætlun og jafnlaunastefnu til að tryggja jöfn tækifæri, jafna stöðu kynja og sömu laun og kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Jafnlaunakerfi er rekið í samræmi við ÍST 85 staðal, með árlegum innri og ytri úttektum og eftirfylgni. Markmiðið er að halda launamun kynja innan við skilgreind viðmið.



# Mannauður

Viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi hefur verið innleidd og henni er fylgt eftir. Einelti, áreitni og ofbeldi eru ekki liðin og skýrt verklag er til staðar komi upp slík mál.

Þá hefur félagið tekið upp verklag um vernd uppljóstrara sem tryggir örugga leið fyrir starfsfólk til að tilkynna ámælisverða háttsemi.

Jafnframt er lögð áhersla á nýliðafræðslu og reglulega kynningu á stefnum og réttindum starfsfólks, auk stuðnings við samræmingu fjölskyldu- og starfsábyrgðar með sveigjanleika í vinnutíma þar sem því verður við komið.

Stefnur félagsins leggja grunn að forvörnum, skýrum verkferlum og reglulegri fræðslu með það að markmiði að stuðla að góðri líðan, öryggi og langtímavelferð starfsfólks. Aðgerðir eru rýndar reglulega af stjórnendum og aðlagðar eftir þörfum í takt við þróun laga, reglna og innra áhættumats.

Markmið eru endurskoðuð reglulega í tengslum við rýni á jafnlaunakerfi, jafnréttisáætlun og starfsmannastefnu.

Meðfylgjandi töflur sýna upplýsingar um fjölda starfsfólks eftir starfshlutfalli, ráðningasamning og kyni á árinu 2025. KS og dótturfélög þess hafa ekki fengið tilkynningar um alvarleg mannréttindabrot, þar á meðal barnavinnu, nauðungarvinnu, mansal, mismunun eða alvarleg brot á öryggi og vinnuvernd og er félaginu ekki kunnugt um að slík atvik hafi komið upp á árinu.

Mælikvarðar	KS	FISK	ESJA	FB
Laun starfsfólks sem jafngilda lágmarkslaunum	7%	5%	2%	5%
Launamunur milli karla og kvenna	3,8%	1,9%	1,4%	-0,4%
Hlutfall starfsfólks sem falla undir kjarasamning	100%	98,7%	100%	100%

## Mannauður

Starfshlutfall	KS	FISK	ESJA	FB	Samtals
Hlutastarf	49	156	1	7	213
Fullt starf	190	225	91	45	531
<b>Samtals</b>	<b>239</b>	<b>381</b>	<b>92</b>	<b>52</b>	<b>764</b>
Kyn starfsfólks (kynjahlutfall)	KS	FISK	ESJA	FB	Samtals
Karlar	158 (66%)	314 (82%)	63 (69%)	41 (79%)	576
Konur	81 (34%)	67 (18%)	29 (31%)	11 (21%)	188
Annað	0	0	0	0	0
<b>Samtals</b>	<b>239</b>	<b>381</b>	<b>92</b>	<b>52</b>	<b>764</b>
Sjálfstætt starfandi og tímabundið	KS	FISK	ESJA	FB	Samtals
Sjálfstætt starfandi	4	0	4	1	9
Tímabundið starfsfólk	129	0	0	0	129
<b>Samtals</b>	<b>133</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>1</b>	<b>138</b>
Starfsmannavelta	KS	FISK	ESJA	FB	Samtals
Hlutfall	10,16%	8,52%	9,66%	20,31%	
Vinnuslys og atvik	KS	FISK	ESJA	FB	Samtals
Fjöldi skráðra vinnuslysa	17	29	20	3	69
Fjöldi fjarveruslysa	8	12	7	2	29
Hlutfall skráðra vinnuslysa	100%	100%	100%	100%	100%
Vinnutengd dauðsföll eða heilsubrestur	0	0	0	0	0

## Öryggi neytenda

Kaupfélag Skagfirðinga leggur ríka áherslu á öryggi neytenda og gæði matvæla í allri starfsemi sinni. Unnið er eftir HACCP gæðakerfi auk þess sem mjólkursamlagið starfar samkvæmt BRC, alþjóðlegum gæðastaðli sem snýr að matvælaöryggi og rekjanleika.

Gæðakerfin byggja á kerfisbundinni greiningu á áhættu og skilgreiningu eftirlitspunkta í framleiðsluferlum, svo sem umfangsmiklu þrifaftirliti, hitastigs- og gæðamælingum sem og innri og ytri úttektum. Reglulega eru framkvæmdar rannsóknir og eftirlitsmælingar, þar á meðal örverugreiningar á afurðum, neysluvatni og umhverfissýnum, og niðurstöður eru greindar og bornar saman við viðmiðunarmörk samkvæmt reglugerðum og fyrri niðurstöður. Starfsfólk fær viðeigandi þjálfun til að tryggja að verkferlum sé fylgt í samræmi við kröfur.

Gæðaráð, sem samanstendur af stjórnendum lykileininga, hefur skuldbundið sig til að fylgja öllum gildandi lögum og reglugerðum sem varða matvælaöryggi og tryggja að nægur mannaflí og fjármagn sé til staðar til að framleiða öruggar matvörur. Gæðaráð fundar reglulega og tryggir að fylgst sé með þróun á sviði tækni, reglugerða og áhættuþátta, auk þess sem ráðið ber ábyrgð á að starfsfólk sé meðvitað um hlutverk sitt og starfi í samræmi við skilgreinda verkferla og leiðbeiningar.

Öll frávik og kvartanir eru skráð og greind með það að markmiði að finna orsök og innleiða úrbætur til að koma í veg fyrir endurtekningu, og ef tilefni er til eru viðskiptavinir upplýstir og viðeigandi viðbragðsáætlanir virkjaðar.

Afurðastöðvar KS hafa sett sér mælanleg markmið til að tryggja öryggi neytenda og gæði matvæla. Helstu markmið eru að fjöldi kvartana frá neytendum aukist ekki milli ára, að fjöldi frávika í innri úttektum fari ekki yfir 15% af heildarfjölda skoðunaratriða, að fjöldi frávika í ytri úttektum fari ekki yfir 15% og fjöldi alvarlegra frávika sé núll. Markmiðin styðja við stöðugar umbætur í framleiðsluferlum og tryggja að starfsemin uppfylli kröfur um matvælaöryggi og gæði.



## Nærsamfélagið

Kaupfélag Skagfirðinga leggur áherslu á að styðja við nærsamfélag sitt og taka virkan þátt í uppbyggingu þess. Sem samvinnufélag í eigu félagsmanna hefur félagið ríka tengingu við starfssvæði sitt og leitast við að stuðla að jákvæðum samfélagsáhrifum til lengri tíma. Stuðningur við samfélagið er meðal annars framkvæmdur í gegnum sjóði á vegum félagsins og felur í sér stuðning við menningu, íþróttir, æskulýðsstarf og önnur samfélagsverkefni.

Samfélagssjóður KS veitir styrki til verkefna sem stuðla að uppbyggingu og velferð í nærsamfélaginu.

Menningarsjóður KS, sem var stofnaður árið 1963, hefur um áratugaskeið stutt fjölbreytta menningarstarfsemi í Skagafirði, þar á meðal tónlistarstarf, leiklist, íþróttar- og æskulýðsstarf sem og listamenn. Auk þess veitir sjóðurinn sérstakar viðurkenningar undir heitinu Skagfirskt framtak til verkefna sem teljast sérstaklega markverð fyrir menningar- og félagslíf á svæðinu.

Með þessum aðgerðum leitast KS við að stuðla að öfluggu samfélagi og styðja við fjölbreytta starfsemi á starfssvæði sínu.



# Stjórnarhættir



## Stjórnarhættir

Kaupfélag Skagfirðinga er samvinnufélag í eigu félagsmanna og starfar samkvæmt lögum um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagaformið felur í sér að starfsemi félagsins er rekin með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi og byggir á lýðræðislegum stjórnarháttum.


Félagið er deildaskipt og kjósa félagsmenn fulltrúa á aðalfund félagsins. Engin ein deild getur haft meirihluta fulltrúa, sem tryggir jafnræði í ákvarðanatöku.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Þar er fjallað um reksturinn ársreikningur samþykktur og meginlínur í starfsemi og stefnu félagsins mótaðar.

KS er samstæða sem samanstendur af móðurfélagi og dótturfélögum. Í árslok 2025 voru dótturfélög KS 19 og eru þau öll í samstæðureikningi félagsins.

Aðalfundur kýs sjö manna stjórn sem fer með æðsta vald í félaginu milli aðalfunda. Stjórnarmenn eru kjörnir til þriggja ára í senn og er stjórn ekki endurnýjuð í heild í einu, sem stuðlar að stöðugleika og samfelli í stjórnun. Stjórn ber ábyrgð á stefnumótun og eftirliti með rekstri félagsins. Í stjórn KS sitja 4 karlar og 3 konur.

Kaupfélagsstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og framkvæmd ákvarðana stjórnar. Samkvæmt ársreikningi bera stjórn og kaupfélagsstjóri ábyrgð á gerð ársreiknings og að hann gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu félagsins.



## Viðskiptasiðferði

Kaupfélag Skagfirðinga leggur áherslu á ábyrga og gagnsæja viðskiptahætti og vinnur markvisst gegn spillingu, mútum og annarri ólögmætri háttsemi. Félagið starfar í samræmi við gildandi lög og reglur og hefur sett fram stefnu og verklag sem styður við heilbrigða stjórnarhætti og sanngirni í rekstri.

Í sjálfbærnistefnu KS er lögð áhersla á gagnsæi, siðferði og ábyrgð í allri starfsemi samstæðunnar og nær stefnan yfir móðurfélagið og öll dótturfélög. Jafnframt hafa verið settar siðareglur fyrir birgja og þjónustuaðila þar sem gerðar eru skýrar kröfur um lögmæta viðskiptahætti, vinnu gegn spillingu og bann við mútum í virðiskeðju félagsins.

KS hefur einnig innleitt verklag um vernd uppljóstrara sem tryggir starfsfólki örugga og trúverðuga leið til að tilkynna grun um lögbrot eða ámælisverða háttsemi, þar á meðal spillingu og/eða mútur.



## Birgjatengsl

Kaupfélag Skagfirðinga leggur áherslu á ábyrga stjórnun í virðiskeðju sinni og gerir kröfur til birgja og þjónustuaðila um að starfa í samræmi við lög, reglur og viðurkennda viðskiptahætti. Félagið hefur innleitt aðgerðir til að fyrirbyggja og greina mögulega mannréttindabrot í starfsemi sinni, m.a. með siðareglum fyrir birgja og þjónustuaðila sem taka til m.a. siðferðis í viðskiptum, vinnuverndar, mannréttinda, dýravelferðar og umhverfismála.

Á árinu 2025 voru stærstu birgjar KS beðnir um að undirrita siðareglur félagsins og taka þátt í ítarlegu birgjamati varðandi stöðu birgja í sjálfbærnimálum í gegnum Stika Solutions. Með þessu leitast KS við að auka gagnsæi, bæta yfirsýn yfir virðiskeðjuna og styðja við stöðugar umbætur hjá birgjum. Stefnan nær yfir móðurfélagið og dótturfélög samstæðunnar og er hluti af heildarstjórnun félagsins á sjálfbærni og viðskiptaháttum.

Birgjar fá einkunn út frá stöðu þeirra í sjálfbærni- og mannréttindamálum, sem gerir félaginu kleift að greina áhættu og forgangsraða aðgerðum. Ekki hafa komið upp tilvik þar sem félagið hefur fengið upplýsingar um alvarleg mannréttindabrot í virðiskeðju sinni.

Markmið KS er að tryggja að samstarfsaðilar starfi í samræmi við kröfur félagsins um ábyrga viðskiptahætti, gæði og sjálfbærni. Félagið stefnir að því að fjölga birgjum hjá KS og dótturfélögum sem undirrita siðareglurnar og svara birgjamati, auka yfirsýn yfir stöðu birgja í sjálfbærnimálum með kerfisbundnu mati, og nýta niðurstöður birgjamats til að forgangsraða umbótum og efla samstarf við birgja. Markmið verða þróuð áfram í takt við niðurstöður birgjamats og frekari greiningu á virðiskeðju félagsins.



# Mælikvarðar

Mælikvarðar - Undantekning frá viðmiðum ESB í samræmi við Parísarsamninginn (C8)	Útilokun frá öllum ESB-tilvísunum vegna marka sem eru í samræmi við Parísarsamninginn?
<b>Harðkol og brúnkol (241a)</b> 1% eða meira af tekjum fyrirtækisins kemur frá leit, námuvinnslu, vinnslu, dreifingu eða hreinsun harðkolla og lignits	Nei
<b>Olíueldsneyti (241b)</b> 10% eða meira af tekjum fyrirtækisins kemur frá leit, vinnslu, dreifingu eða hreinsun olíueldsneyts	Nei
<b>Gaseldsneyti (241c)</b> 50% eða meira af tekjum fyrirtækisins kemur frá vinnslu, framleiðslu eða dreifingu gaseldsneyts	Nei
<b>Raforkuframleiðsla með háum gróðurhúsalofttegundum (241d)</b> 50% eða meira af tekjum fyrirtækisins kemur frá raforkuframleiðslu með gróðurhúsalofttegundastyrk yfir 100 g CO <sub>2</sub> e/kWh	Nei

Mælikvarðar (B11)	Magn
Fjöldi sakfellinga	0
Sektir lagðar á vegna brota á lögum gegn spillingu og mútum (í milljónum króna)	0

Mælikvarðar - Tekjur frá völdum atvinnugreinum (C8)	Tekjur (í milljónum króna)
Umdeild vopn (mannsprengjur, klasasprengrur, efna- og lífefnavopn)	0
Ræktun og/eða framleiðsla tóbaks	0
Jarðefnaeldsneyti: Kol	0
Jarðefnaeldsneyti: Olía	0
Jarðefnaeldsneyti: Gas/Jarðgas	0
Efnaframleiðsla til framleiðslu skordýraeiturs og annarra landbúnaðarefna	0

VSME  
Tilvísunartafla



## VSME tilvísunartafla

Tilvísun	Lýsing	Uppfyllt	Tilvísun/athugasemd
<b>B1</b>	<b>Grunnur að undirbúningi</b>		
24a	Upplýsingagjöf -- grunnskýrsla eða ítarleg skýrsla	Að fullu	Grundvöllur skýrslugerðar og fyrirvari (bls. 3)
24b	Viðkvæmar upplýsingar eða trúnaðarupplýsingar ekki birtar	Á ekki við	Félagið býr ekki yfir viðkvæmum upplýsingum sem hafa áhrif á upplýsingagjöf skv. VSME staðlinum.
24c	Upplýsingar birtar á fyrirtækis eða samstæðugrunni	Að hluta	Grundvöllur skýrslugerðar og fyrirvari (bls. 3)
24d	Dótturfélög sem skýrslan nær til	Að fullu	Grundvöllur skýrslugerðar og fyrirvari (bls. 3)
24e	Almennar upplýsingar um fyrirtækið	Að fullu	Grundvöllur skýrslugerðar og fyrirvari (bls. 3)
25	Vottanir og viðurkenningar tengdar sjálfbærni	Að fullu	Grundvöllur skýrslugerðar og fyrirvari (bls. 6)
<b>B2</b>	<b>Aðgerðir, stefnur og framtíðaráform í átt að sjálfbæru hagkerfi</b>		
26a	Aðgerðir	Að hluta	Í öllum köflum er fjallað um aðgerðir, stefnur, framtíðaráform og markmið um viðfangsefni viðkomandi kafla.
26b	Stefnur	Að fullu	Í öllum köflum er fjallað um aðgerðir, stefnur, framtíðaráform og markmið um viðfangsefni viðkomandi kafla.
26c	Framtíðaráform	Að hluta	Í öllum köflum er fjallað um aðgerðir, stefnur, framtíðaráform og markmið um viðfangsefni viðkomandi kafla.
26d	Markmið	Að hluta	Í öllum köflum er fjallað um aðgerðir, stefnur, framtíðaráform og markmið um viðfangsefni viðkomandi kafla.
27	Neikvæð áhrif takmörkuð og ýtt undir jákvæð áhrif	Að hluta	Tvöföld mikilvægisgreining (bls. 13-15)

## VSME tilvísunartafla

Tilvísun	Lýsing	Uppfyllt	Tilvísun/athugasemd
<b>B3</b>	<b>Orka og losun gróðurhúsalofttegunda</b>		
29	Heildarorkunotkun í MWst	Að fullu	Losun gróðurhúsalofttegunda (bls. 25)
30a	Umfang 1 - losun í tCO <sub>2</sub> ígildi	Að fullu	Losun gróðurhúsalofttegunda (bls. 25)
30b	Umfang 2 - staðbundin losun (location-based) í tCO <sub>2</sub> ígildi	Að fullu	Losun gróðurhúsalofttegunda (bls. 25)
31	Losunarkræfni	Að fullu	Losun gróðurhúsalofttegunda (bls. 25)
<b>B4</b>	<b>Mengun lofta, vatns og jarðvegs</b>		
32	Lögbundnar eða valkvæðar upplýsingar um mengun	Nei	Ákveðið var að sleppa umfjöllun á þessu viðfangsefni fyrir árið 2025
<b>B5</b>	<b>Líffræðileg fjölbreytni</b>		
33	Svæði á eða í nálægð við líffræðilega viðkvæm/vernduð svæði	Nei	Ákveðið var að sleppa umfjöllun á þessu viðfangsefni fyrir árið 2025
34a	Landnotkun	Nei	Ákveðið var að sleppa umfjöllun á þessu viðfangsefni fyrir árið 2025
34b	Heildarstærð þétts yfirborðs (e. Total sealed area)	Nei	Ákveðið var að sleppa umfjöllun á þessu viðfangsefni fyrir árið 2025
34c	Heildarstærð náttúrumiðaðra svæða innan starfsstöðvar	Nei	Ákveðið var að sleppa umfjöllun á þessu viðfangsefni fyrir árið 2025
34d	Heildarstærð náttúrumiðaðra svæða utan starfsstöðvar	Nei	Ákveðið var að sleppa umfjöllun á þessu viðfangsefni fyrir árið 2025

## VSME tilvísunartafla

Tilvísun	Lýsing	Uppfyllt	Tilvísun/athugasemd
<b>B6</b>	<b>Vatn</b>		
35	Heildar vatnsnotkun	Að fullu	Vatnsnotkun (bls. 27)
36	Vatnsnotkun vegna vatnsfrekrar framleiðslu	Að fullu	Vatnsnotkun (bls. 27)
<b>B7</b>	<b>Auðlindanýting, hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun</b>		
37	Aðgerðir í tengslum við hringrásarhagkerfi	Að fullu	Auðlindanýting og hringrásarhagkerfi (bls. 29)
38a	Heildarmagn árlegs úrgangs, skipt í hættulegan og hættulausan úrgang	Að hluta	Ekki var hægt að sundurliða gögnin þannig að með vissu væri hægt að skilgreina hættulegan úrgang frá hættulausum. En í flokkunartöflum í viðauka 3 er gefið upp magn spilliefna.
38b	Heildarmagn árlegs úrgangs sem fer í endurvinnslu eða endurnýtingu	Að fullu	Auðlindanýting og hringrásarhagkerfi (bls. 30)
38c	Árlegt gegnumstreymi lykilhráefna (fyrir efnisfreka starfsemi)	Að hluta	Áherslur og markmið (bls. 15-19)
<b>B8</b>	<b>Eigið starfsfólk - Almennar upplýsingar</b>		
39	Fjöldi starfsfólks (heildarfjöldi eða stöðugildi) brotið niður í eftirfarandi þætti:		
39a	Tegund ráðningarsamnings (fastráðning eða tímabundin ráðning)	Að fullu	Mannauður (bls. 34)
39b	Kyn	Að fullu	Mannauður (bls. 34)
39c	Ráðningarsamningar eftir löndum	Að fullu	Mannauður (bls. 34)
40	Velta starfsfólks	Að fullu	Mannauður (bls. 34)

## VSME tilvísunartafla

Tilvísun	Lýsing	Uppfyllt	Tilvísun/athugasemd
<b>B9</b>	<b>Eigið starfsfólk - Heilsa og öryggi</b>		
41a	Fjöldi og tíðni skráðra vinnuslysa	Að fullu	Mannauður - mælikvarðar (bls. 34)
41b	Fjöldi banaslysa vegna vinnuslysa og/eða heilsufarsvandamála í vinnu	Að fullu	Mannauður - mælikvarðar (bls. 34)
<b>B10</b>	<b>Eigið starfsfólk - Viðunandi laun, hlítni við kjarasamninga og þjálfun starfsfólks</b>		
42a	Hlítni við lágmarkslaun og viðmið fyrir eigið starfsfólk	Að fullu	Mannauður - mælikvarðar (bls. 34)
42b	Munur á launum á milli kynja í prósentum	Að fullu	Mannauður - mælikvarðar (bls. 34)
42c	Hlutfall starfsfólks sem fellur undir kjarasamninga	Að fullu	Mannauður - mælikvarðar (bls. 34)
42d	Meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun á ári fyrir starfsfólk, brotið niður eftir kyni	Ekki uppfyllt	Upplýsingar ekki til
<b>B11</b>	<b>Sakfellingar og sektir í tengslum við spillingu og mútur</b>		
43	Fjöldi sakfellinga og sekta vegna spillingar- og mútumála	Að fullu	Stjórnarhættir (bls. 41)

## VSME tilvísunartafla

Tilvísun	Lýsing	Uppfyllt	Tilvísun/athugasemd
<b>C1</b>	<b>Stefna: Viðskiptamódel og áform/aðgerðir í tengslum við sjálfbærni</b>		
47a	Vöruframboð og þjónusta, helstu hópar viðskiptavina	Að fullu	Um KS (bls. 6-12)
47b	Markaðir sem fyrirtækið starfar á	Að fullu	Um KS (bls. 6-12)
47c	Helstu viðskiptatengsl/sambönd	Að hluta	Um KS (bls. 6-12)
47d	Lykilþættir sem tengjast eða hafa áhrif á sjálfbærni	Að fullu	Um KS (bls. 6-12)
<b>C2</b>	<b>Aðgerðir, stefnur og framtíðaráform í átt að sjálfbæru hagkerfi</b>		
48	Lýsing á aðgerðum, stefnum og framtíðaráformum sem tilgreind eru í B2	Að hluta	Í öllum köflum er fjallað um aðgerðir, stefnur, framtíðaráform og markmið um viðfangsefni viðkomandi kafla.
49	Hæstráðandi sem ber ábyrgð á innleiðingu aðgerða, stefna og framtíðaráforma í tengslum við sjálfbærni	Að fullu	Í öllum köflum er fjallað um aðgerðir, stefnur, framtíðaráform og markmið um viðfangsefni viðkomandi kafla.
<b>C3</b>	<b>Markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og umbreytingaáætlun í loftslagsmálum</b>		
50	Umfang 3 - losun í tCO <sub>2</sub> ígildi	Að hluta	Losun gróðurhúsalofttegunda (bls. 24)
54	Markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda	Að hluta	Móðurfélagið hefur sett markmið um losun í umfangi 1 og 2 (bls. 22)
54a	Markmiðarár (target year) og markmiðsgildi (target value)	Að hluta	Móðurfélagið hefur sett markmið fyrir árið 2030 í umfangi 1 og 2 (bls. 22)
54b	Viðmiðunarár og viðmiðunargildi	Að hluta	Móðurfélagið hefur sett viðmiðunarár við 2022 (bls. 22)
54c	Einingar í notaðar í markmiðum	Að fullu	Tonn CO <sub>2</sub> ígildi

## VSME tilvísunartafla

Tilvísun	Lýsing	Uppfyllt	Tilvísun/athugasemd
54d	Hlutfall umfangs 1, 2 og 3 (ef við á) sem markmiðin ná yfir	Að hluta	Móðurfélagið hefur sett sér markmið um hlutfall umfangs 1 og 2 (bls. 21-22)
54e	Listi yfir helstu aðgerðir til þess að ná settum markmiðum	Að hluta	Loftslagsbreytingar (bls. 22-23)
55	Umbreytingaráætlun í tengslum við mildun loftslagsbreytinga	Að hluta	Loftslagsbreytingar (bls. 22-23)
56	Upplýsingar ef umbreytingaráætlun er ekki til staðar, hvort og/eða hvenær skal innleiða slíka áætlun	Að hluta	Loftslagsbreytingar (bls. 22-23)
<b>C4</b>	<b>Loftslagsáhætta</b>		
57a	Lýsing á loftslagstengdum hættum og/eða loftslagstengdum umbreytingarátburðum	Að fullu	Loftslagsáhætta (bls. 26)
57b	Útsetning og næmni eigna, athafna og virðis kedju í tengslum við loftslagsáhættu	Að hluta	Loftslagsáhætta (bls. 26)
57c	Tímabil loftslagsáhættu (raunlæg/umbreytingaráhætta) sem greind hefur verið	Að fullu	Loftslagsáhætta (bls. 26)
57d	Aðlögunaraðgerðir sem til staðar eru í til að bregðast við loftslagsáhættu	Að hluta	Loftslagsáhætta (bls. 26)
58	Möguleg skaðleg áhrif vegna loftslagsáhættu	Að fullu	Loftslagsáhætta (bls. 26)
<b>C5</b>	<b>Viðbótar (almennar) upplýsingar um eigið starfsfólk</b>		
54a	Kynjahlutfall í stjórnunarstöðum	Ekki uppfyllt	
54b	Fjöldi sjálfstætt starfandi og tímabundins starfsfólks	Að fullu	Mannauður - mælikvarðar (bls. 34)

## VSME tilvísunartafla

Tilvísun	Lýsing	Uppfyllt	Tilvísun/athugasemd
<b>C6</b>	<b>Viðbótarupplýsingar um eigið starfsfólk - Mannréttindastefna og ferlar</b>		
61a	Siðareglur eða mannréttindastefna sem gildir fyrir eigið starfsfólk	Að hluta	Ekki hafa verið gefnar út siðareglur starfsfólks en sjálfbærnistefna, starfsmannastefna, jafréttisstefna og siðareglur birgja ná til mannréttinda. Mannauður (bls. 32-33)
61c	Ábendingarferlar vegna kvartana fyrir eigið starfsfólk	Að fullu	Mannauður (bls. 32-33)
<b>C7</b>	<b>Alvarleg atvik í tengslum við mannréttindi</b>		
62a	Staðfest neikvæð mannréttindaatvik hjá eigin starfsfólki	Að fullu	Mannauður (bls. 32-33)
62c	Staðfest neikvæð mannréttindaatvik í virðiskeðju	Að fullu	Mannauður (bls. 32-33 og 39)
<b>C8</b>	<b>Tekjur frá völdum atvinnugreinum og undanþága frá viðmiðum ESB í samræmi við Parísarsamninginn</b>		
63	Tekjur frá völdum atvinnugreinum	Að fullu	Stjórnarhættir (bls. 41)
64	Upplýsingar um útilokun frá viðmiðum ESB í samræmi við Parísarsamninginn	Að fullu	Stjórnarhættir (bls. 41)
<b>C9</b>	<b>Kynjahlutfall í stjórn</b>		
65	Kynjahlutfall í stjórn	Að fullu	KS: KK 57%, KVK 43% Fisk: KK 60%, KVK 40% Esja: KK 100% Fóðurblandan: KK 67%, KVK 33%

# Viðaukar



# Upplýsingar um aðgerðir, stefnur og framtíðaráform

## STEFNUR

KS hefur sett sér fjölda stefna og verklagsreglna sem styðja við ábyrga stjórnun og sjálfbæra starfsemi. Þar á meðal eru sjálfbærnistefna, starfsmannastefna, jafnréttisáætlun, siðareglur birgja og verklag um vernd uppljóstrara.

Stefnurnar taka til helstu þátta starfseminnar, þar á meðal umhverfis-, félags- og stjórnarháttar, og eru endurskoðaðar reglulega.

Með þessum verkfærum leitast félagið við að tryggja samræmi í stjórnun, skýra ábyrgð og stöðugar umbætur í starfsemi sinni.

## STEFNUR Á INNRIVEF

EKKO stefna og viðbragðáætlun vegna EKKO mála

Öryggisstefna

Áætlun um heilbrigði og öryggi á vinnustað

Vernd uppljóstrara

## HLEKKUR Á STEFNUR

[Sjálfbærnistefna](#)

[Starfsmannastefna](#)

[Jafnlaunastefa](#)

[Jafnréttisáætlun](#)

[Persónuverndaryfirlýsing](#)

[Siðareglur birgja og þjónustuaðila](#)



# Reikningsskilareglur

## UMHVERFISGÖGN

KS notar umhverfismælaborð Stiku solutions. Þar sem gögnin berast með sí tengingu við birgja í þeim tilvikum þar sem það er möguleiki, þar má meðal annars nefna gögn um eldsneytisnotkun, rafmagnsnotkun og úrgang. Önnur gögn eru ýmist sótt úr bókhaldi félagsins eða fengin frá birgjum. Ferðavenjukönnun var lögð fyrir starfsfólk KS og var þátttökuhlutfallið 74%. Starfsfólk fékk sent SMS og svaraði könnuninni í gegnum Moodup.

## LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Útreikningar á kolefnisspori byggja á aðferðafræði Greenhouse gas protocol Corporate Standard og er birt í tonnum CO<sub>2</sub>-ígilda. Losun er flokkuð í umfang 1, umfang 2 og eftir atvikum hluta af umfangi 3.

## UMFANG 1

Bein losun frá eigin starfsemi nær meðal annars til bruna eldsneytis á eigin ökutækjum, vinnuvélum og öðrum búnaði, auk losunar frá kælimiðlum. Losun er reiknuð út frá magni eldsneytis eða kælimiðla og viðeigandi losunarstuðlum. Losunarstuðlar fyrir eldsneyti eru frá DEFRA og losunarstuðlar fyrir kælimiðla eru frá Umhverfisstofnun.

## UMFANG 2


Óbein losun frá keyptri orku nær til notkunar á rafmagni og notkunar á heitu vatni.

Losun vegna rafmagns er reiknuð og metin út frá staðsetningu (location-based) og eru notaðir losunarstuðlar bæði fyrir rafmagn og heitt vatn frá Umhverfisstofnun.

## UMFANG 3

Þar sem gögn liggja fyrir eru tilteknir losunarþættir í virðiskeðju teknir saman. Umfang 3 nær þó enn ekki með fullnægjandi hætti til allrar starfsemi samstæðunnar. Helstu þættir sem hafa verið greindir sem mikilvægir en eru ekki að fullu mældir eru meðal annars: Meðhöndlun úrgangs, framleiðsla og flutningur á orku, ferðavenjur (KS), flug og bílaleigubílar (KS).

Losun er reiknuð út frá magni af úrgangi og uppgefinni meðhöndlun og eru notaðir losunarstuðlar frá DEFRA. Framleiðsla og flutningur á orku er reiknað út frá magni af eldsneyti (l) og losunarstuðlum frá DEFRA auk notkunar á raforku (kWst) og heitu vatni (m<sup>3</sup>) og losunarstuðli frá OR. Út frá svörum í ferðavenjukönnun var áætlaður fjöldi ekinna km á ári á bensínbíl, dísilbíl, rafmagnsbíl og hybridbíl og notað viðeigandi losunarstuðul frá Defra til að meta losun fyrir ekna km. Losun frá flugi er áætluð út frá reiknivél ICAO og notaðir voru viðeigandi stuðlar frá Defra fyrir ekna km á bílaleigubílum.



# Reikningsskilareglur og takmarkanir gagna

## ORKUNOTKUN

Til að meta heildarorkunotkun er lítrum af eldsneyti, kWst af raforku og m<sup>3</sup> af heitu vatni umreiknað í GJ svo hægt sé að bera saman orkunotkun frá ólíkum orkugjöfum.

Hlutfall endurnýjanlegrar orku er reiknað út frá uppruna orkunnar. Hjá KS verður raforkan sem notuð er til með vatnsafla, heita vatnið kemur frá jarðvarma og telst orkan frá þeim auðlindum sem endurnýjanleg orka á móti magni af eldsneyti sem félagið notar.

## VATNSNOTKUN

Heildarvatnsnotkun telur bæði til neysluvatns, hitaveituvatns og kælivatns sem fengið er úr Sauða í mjólkursamlagið.

## ÚRGANGUR

Úrgangstölur eru byggðar á gögnum frá þjónustuaðilum sem annast söfnun, móttöku eða meðhöndlun úrgangs, auk innri skráninga rekstrareininga þegar við á.

Úrgangur er flokkaður eftir meðhöndlun: úrgangi til endurvinnslu/endurnýtingar og úrgangi til urðunar/förgunar.

Flokkunarhlutfall er reiknað út frá heildarmagni úrgangs á móti almennum úrgangi sem er skilað til þjónustuaðila óflokkaðum.

## LAUNAMUNUR KYNJANNA

Launamunur kynjanna er byggður á niðurstöðum launagreininga innan jafnlaunakerfis félagsins. Við útreikning er stuðst við launagögn og flokkun starfa samkvæmt þeirri aðferðafræði sem notuð er í jafnlaunakerfi félagsins.

Þegar vísað er til óútskýrðs launamunar er átt við þann launamun sem stendur eftir að tekið hefur verið tillit til viðmiða sem skilgreind eru í jafnlaunakerfinu, svo sem inntaki starfs, ábyrgðar, menntunar, reynslu og annarra málefnalega þátta samkvæmt jafnlaunakerfinu.

## VINNUSLYS OG ATVIK

Tölur um vinnuslys og atvik byggja á skráningum í ATVIK slysaskráningarkerfinu og öðrum innri skráningum þar sem við á.

Vinnuslys eru skráð þegar atvik hefur átt sér stað í tengslum við starf og leitt til meiðsla eða fjarveru. Fjarveruslys eru þau slys sem leiða til fjarveru frá vinnu umfram slysadag.



## TAKMARKANIR GAGNA

Skýrslan er í uppbyggingu og aðferðafræði, umfang gagna og samræmi milli eininga munu halda áfram að þróast á næstu árum. Helstu takmarkanir felast í:

- takmörkuðu aðgengi að gögnum fyrir alla samstæðuna,
- takmörkuðum gögnum um einstaka losunarþætti í umfangi 3,
- mismunandi þroskastigi gagnasöfnunar milli dótturfélaga,
- breytingum á ferlum og skráningu milli ára.

Félagið vinnur að því að bæta samræmi, rekjanleika og gæði gagna með markvissari ferlum, aukinni stafrænni skráningu og skýrari ábyrgð á gagnasöfnun.



# Umhverfisgögn

Umfang 1	2021	2022	2023	2024	2025
Eldsneyti	2.170	530,0	267,7	302,2	294,5
Kælimiðlar	-	-	132,3	76,5	128,4
<b>Samtals tonn CO2-ígildi</b>	<b>2.170</b>	<b>530,0</b>	<b>400,0</b>	<b>378,8</b>	<b>422,9</b>


Umfang 2	2021	2022	2023	2024	2025
Heitt vatn	0,1	108,8	114,8	84,6	135,7
Rafmagn	78,1	123,6	160,1	110,8	144
<b>Samtals tonn CO2-ígildi</b>	<b>78</b>	<b>232,4</b>	<b>274,9</b>	<b>195,4</b>	<b>279,3</b>

Umfang 3	2021	2022	2023	2024	2025
Úrgangur	1.124	1101,0	842,4	988,3	1029,9
Flug	-	-	63,1	46,5	41,6
Bílaleigubílar	2	2,0	2,1	0,8	1,2
Ferðavenjur starfsfólks					47,2
Eldsneyti og orkuframleiðsla	-	326,0	325,0	251	304
<b>Samtals tonn CO2-ígildi</b>	<b>1.126</b>	<b>1.429</b>	<b>1.233</b>	<b>1.287</b>	<b>1.424</b>

Vatnsnotkun	2021	2022	2023	2024	2025
Heitt vatn	217.818	250.643	264.470	250.643	312.757
Kalt vatn	338.983	518.581	355.509	523.063	492.538
<b>Samtals (m3)</b>	<b>556.801</b>	<b>769.223</b>	<b>619.980</b>	<b>773.706</b>	<b>805.295</b>

Orkunotkun	2021	2022	2023	2024	2025
Endurnýjanleg orka	91.032	118.944	138.041	113.537	143.928
<i>Hlutfall endurnýjanlegrar orku</i>	<i>75%</i>	<i>94%</i>	<i>97%</i>	<i>96%</i>	<i>97%</i>
Eldsneyti	30.800	7.585	3.852	4.333	4.189
<i>Hlutfall eldsneyti</i>	<i>25%</i>	<i>6%</i>	<i>3%</i>	<i>4%</i>	<i>3%</i>
<b>Heildarorkunotkun (GJ)</b>	<b>121.832</b>	<b>126.528</b>	<b>141.893</b>	<b>117.870</b>	<b>148.117</b>

Tölurnar sýna þróun móðurfélags KS á árunum 2021-2025



# Umhverfisgögn

Flokkur	2023	2024	2025
Almennt sorp	232,76	214,19	173,87
Slátur- og fiskúrgangur	663,72	840,69	915,44
Pappi	44,633	70,285	61,57
Plast	10,219	8,26	6,7
Lífrænt	0,9	1,87	1,54
Timbur		54,74	53,285
Grófur úrgangur		8,4	28,285
Málmar		41,386	44,17
Raftæki		2,573	3,18
Spilliefni		27,284	1,15
Hjólbarðar		23,06	20,4
Gler		0,02	0,01

FISK	Tonn
Málmar	102,9
Óflokkað (úrgangur til urðunar)	77,6
Lífrænn úrgangur	25,7
Grófur úrgangur	17,6
Plast	15,2
Annað	27,3
<b>Samtals</b>	<b>266,3</b>

FB	Tonn
Fóður, mjöl og hveiti	64,9
Umbúðatimbur	42,1
Óflokkað úrgangur	39,6
Jarðvegur, mengaður	17,0
Lífrænn úrgangur til jarðgerða	13,2
Annað	19,6
<b>Samtals</b>	<b>196,4</b>

ESJA	Tonn
Slátur- og fiskúrgangur	1.419,1
Almennt sorp	91,8
Pappi	65,2
Gler og steinefni	60,0
Ristarúrgangur	7,8
Annað	4,7
<b>Samtals</b>	<b>1.648,5</b>



Taflan sýnir þróun á úrgangsgögnum frá móðurfélaginu KS á árunum 2023-2025

# Virðiskeðja

Útskýringar á númerum á mynd af virðiskeðju KS á bls. 9  
**Myndin er teiknuð af ÓLÍNA Design**

## Ílag

1. Vatn.
2. Rafmagn.
3. Vöruflutningar til Íslands
4. Hafnir og innviðirtengdir þeim
5. Vöruflutningar á vegum.
6. Fiskistofnar
7. Lífræðilegur fjölbreytileiki í hafi
8. Lífræðilegur fjölbreytileiki á landi
9. Landbúnaður
10. Mjólkurbíllinn

## Eigin starfsemi

1. Fisk Seafood ehf.
2. Mjólkursamlagið
3. Kjötafurðarstöð
4. Kjötvinnsla
5. Skagfirðingabúð og aðalskrifstofan
6. Vörumiðlun
7. Verslunin Eyrin
8. Kjarninn. Í kjarnanum er bílaverkstæði KS auk þess sem í næsta húsi er vélaverkstæði, pípulagningadeild og prentsmiðjan nýprent
9. Tengill rafverktakar og trésmiðjan Borg
10. Fóðurblandan
11. Aðalgata 16

## Frálag

1. Vöruflutningar erlendis
2. Verslanir
3. Heimili og nærsamfélagið
4. Veitingastaðir
5. Landbúnaður
6. Endurvinnsla
7. Urðun



***Kaupfélag Skagfirðinga***